



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Árdís Jóna Bjarnpórsdóttir
Hrauntunga 119
200 Kópavogur

Kópavogi, 9. október 2024
1911664/500.00 KH

Hrauntunga 119, kvörtun vegna göngustígs að Digranesvegi.

Á fundi skipulagsráðs 16. september 2024 var lagt fram erindi lóðarhafa lóðarinnar nr. 119 við Hrauntungu vegna göngustígs að Digranesvegi.

Á fundi umhverfis- og samgöngunefndar þann 16. ágúst 2024 var farið yfir málsmeðferð og aðstæður varðandi lokun á göngustíg við Hrauntunga 119. Einnig var lagt fram erindi skrifstofustjóra umhverfissviðs, dags. 20. mars 2024, ásamt gögnum málsins. Harri Ormarsson lögfræðingur gerði grein fyrir erindinu. Með vísan í erindisbréf lögfræðings fellur umhverfis- og samgöngunefnd frá fyrri afgreiðslu, dags. 16. ágúst 2022, og vísaði erindinu til skipulagsráðs. Erindið var lagt fram á fundi skipulagsráðs þann 2. september 2024 og því vísað til umsagnar skipulagsdeildar. Þá lögð fram umsögn skipulagsdeildar dags. 12. september 2024.

Bókun skipulagsráðs:

Skipulagsráð hafnar beiðni lóðarhafa Hrauntungu 119 um lokun á göngustíg við lóðamörk með tilvísun í umsögn skipulagsdeildar dags. 12. september 2024. Vísað til umhverfissviðs til úrvinnslu.

Vakin er athygli á málskotsrétti samanber 10. kafla skipulagslaga nr. 123/2010 og lög um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 en þar kemur fram að stjórnvaldsákvæðanir má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Þeir einir geta kært stjórnvaldsákvæðanir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda þeirri ákvörðun sem kæra á.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsfulltrúa

Karlotta Helgadóttir
Fulltrúi skipulagsdeildar

Hjálagt:
Umsögn skipulagsdeildar dags. 12. september 2024.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026



Hrauntunga 119

Umsögn skipulagsdeildar

Dags. 12.09.2024

Erindi um lokun göngustígs milli Hrauntungu 115-119 og Digranesvegar

Þann 24. október 2019 barst umhverfissviði Kópavogsbæjar erindi lóðarhafa Hrauntungu 119 þar sem þess var óskað að göngustígur sem liggur um botnlanga Hrauntungu 115-119 og að Digranesvegi yrði lokað varanlega.



Erindinu var svarað með bréfi þann 26.02.2020 og metið svo að ekki væri hægt að verða við beiðninni með þeim rökum að m.a. er um að ræða gönguleið að strætisvagnabiðstöð sem staðsett er við enda göngustígsins við Digranesveg og að leiðin sé jafnframt nýtt sem gönguleið á milli suðurhlíða Digranes



og skólana við Digranesveg. Þá er að finna sambærilega göngustíga á greindu svæði og væri lokun göngustígs því fordæmisgefandi.

Í kjölfarið rataði erindi inn á fund umhverfis- og samgöngunefndar þann 16. ágúst 2022 og var þá lögð fram umsögn umhverfissviðs dags í september 2022 sem lagðist ekki gegn erindinu. Í kjölfarið bókaði Umhverfis- og samgöngunefnd að ekki væru gerðar athugasemdir við að lóðarhafi Hrauntungu 119 myndi girða lóð sína af og loka fyrir aðkomu göngustígs sem liggur á milli Hrauntungu 115-119 og Digranesveggar 74 og 76. Enn fremur var málinu vísað til umhverfissviðs að finna lausn á nýtingu stígsbút sem lokað verður.

Í kjölfar afgreiðslu Umhverfis- og samgöngunefndar reisti lóðarhafi girðingu á lóðamörkum lóðar sinnar og göngustígsins sem er á bæjarlandi og lokaði stígunum alfarið. Í kjölfarið hafa ítrekað borist kvartanir frá nágrenninu vegna lokunar stígsins.

Í minnisblaði lögmanns stjórnssýslusviðs dags 13. ágúst 2024 kemur fram að erindi er varða breytingar á stígum eða götum heyra undir skipulagsráð en ekki umhverfis- og samgöngunefnd, sbr. erindisbréf Umhverfis- og samgöngunefndar, og hefði því málið átt að afgreiðast þar.

Þann 20.8.2024 vísaði umhverfis- og samgöngunefnd erindinu var til meðferðar skipulagsráðs.

Erindið var tekið fyrir á fundi skipulagsráðs þann 2.09.2024 var vísað til skipulagsdeildar til umsagnar.

Umsögn skipulagsdeildar

Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040

Í gildandi aðalskipulagi Kópavogs eru sett fram markmið um að efla vistvæna samgöngumáta og breyta ferðavenjum í takt við markmið svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Enn fremur kemur fram í aðalskipulaginu að gæði innviða fyrir vistvænni ferðamáta verða aukin og reynt að samþætta þá, hvort sem um er að ræða aðstöðu gangandi, hlaupandi, hjólandi vegfarenda eða notenda almenningssamgangna.

Í kafla 5 í aðalskipulaginu kemur fram í að

Það er meginmarkmið Kópavogsbæjar hvað varðar grunnkerfi bæjarins að byggja upp gott, öflugt og öruggt þjónustukerfi sem taki mið af sjálfbærri þróun. Að samgöngur verði öruggar og greiðfærar og leitað verði leiða til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum bifreiðanotkunar. Efla skal notkun vistvænni samgöngumáta og tryggja öryggi allra vegfarenda óháð ferðamáta.

Í kafla 5.2 umhverfisáhrif stefnu vegna grunnkerfa í aðalskipulagi Kópavogs segir:

Stefna aðalskipulags vegna göngustíga er talin hafa jákvæð áhrif á alla umhverfisþætti sem til skoðunar eru. Gera má ráð fyrir að styrking vistvænna ferðamáta eins og göngustíga hjóleiða, hafi þannig jákvæð áhrif á andrúmsloft og veðurfar.

Niðurlag

Að loka stígatengingunni við botnlanga Hrauntungu 115-119 samræmist ekki markmiðum aðalskipulags Kópavogs um að efla vistvæna samgöngumáta og breyta ferðavenjum. Um er að ræða mikilvæga gönguleið að strætisvagnabiðstöð sem er staðsett við enda göngustígsins við Digranes og mikilvæg tenging fyrir börn á leið í skóla og frístundir. Enn fremur er ljóst að hætta getur skapast af lokuninni fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, sérstaklega þegar skyggja fer. Ekki er heldur æskilegt að veita fordæmi fyrir lokunum á sambærilegum og mikilvægum göngutengingum á Digranes og Kársnesi.



Varðandi kvöð um almennan göngurétt á lóðinni er tekið undir það sem áður hefur komið fram í bréfi dags 26.02.2020 að leiðrétta þarf mæliblað og bæta þarf við kvöð um göngurétt við endurnýjun á lóðarleigusamningi fyrir lóðina Hrauntungu 119, en í lóðarleigusamning er tilgreind kvöð um gegnumakstur sbr. mæliblað dags. 26. september 2016. Samsvarandi fyrirkomulag er t.a.m. á göngustíg við botnlanga að Hrauntungu 75 þar sem tilgreint er á mæliblaði dags. 20. október 2016 að kvöð er um gegnumakstur og almennan gangrétt sem er hluti af lóðarleigusamningi fyrir þá lóð.

Lagt er til að skipulagsráð hafni beiðni lóðarhafa um lokun göngustígsins og feli jafnframt umhverfissviði að gera ráðstafanir til þess að umrædd lokun verði fjarlægð. Mögulega þarf að koma til greiðsla til lóðarhafa vegna þess kostnaðar sem hann hafði af því að loka stígunum, en telja verður að hann hafi mátt vera í góðri trú á þeim tíma.